



Stjórn Úrvinnslusjóðs

347. stjórnarfundur, þriðjudaginn 13. júní 2023 - kl. 09.00 – 10:30

Suðurlandsbraut 24, 2. hæð

Dagskrá samkvæmt fundarboði:

1. Fundargerð fundar 345
2. Endurvinnsla drykkjarferna
3. Erindi Landverndar og Neytendasamtakanna
4. Til kynningar:
 - a. Sérstök söfnun, staða
 - b. Endurnýjun samninga við þjónustuaðila, staða
5. Gildistími greiðslna vegna samsöfnunar á pappa og plasti
6. Önnur mál
7. Fundargerð fundarins lögð fram til samþykktar

Fundinn sátu:

Stjórn:

Magnús Jóhannesson, formaður (MJ),
Lárus M.K. Ólafsson, varaformaður (LÓ),
Benedikt S. Benediktsson (BSB),
Eygerður Margrétardóttir (EM),
Guðný Hjaltadóttir (GH),
Hildur Hauksdóttir (HH),
Líf Magneudóttir (LM).

Starfsmenn Úrvinnslusjóðs:

Ólafur Kjartansson (ÓK),
Daníel Gunnarsson (DG),
Margrét Kjartansdóttir (MK), fundarritari.

Samantekt ákvarðana fundarins:

- Fundargerð 345. stjórnarfundar Úrvinnslusjóðs frá 2. maí var samþykkt.
- Stofnað verði hagsmunaráð.
- Sveitarfélögum verði greitt vegna sérstakrar söfnunar á grundvelli niðurstaðna úrtakskannana.

- Ekki verði sett sólarlagsákvæði um undanþága um samsöfnun í sérstakri söfnun.
- Fundargögn sem ekki eru bundin trúnaði verði birt á vefsíðu Úrvinnslusjóðs ásamt fundargerðum.
- Fundargerð fundar 347 frá 13. júní 2023 var samþykkt.

Verkefni:

- Úrvinnslusjóði var falið að setja fram aðgerðaráætlun til að bregðast við þeim atriðum sem fjölmiðlaumræða hefur beint ljósi að.
- Framkvæmdastjóra var falið að annast framkvæmd við stofnun hagsmunaráðs.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerð fundar 345 frá 2. maí 2023
Fundargerð var lögð fram til samþykktar.
Fundargerð fundar 345 var samþykkt.

2. Endurvinnsla drykkjarferna

Mikil umræða hefur verið í fjölmiðlum um endurvinnslu á drykkjarfernum. Úrvinnslusjóður hefur byggt útgreiðslur á staðfestingum þjónustuaðila. Í fjölmiðlum hefur m.a. verið gagnrýnt eftirlit Úrvinnslusjóðs. Umræða varpar ljósi á veika stöðu Úrvinnslusjóðs til að fylgjast með afdrifum úrgangs, þar hamlar að Úrvinnslusjóður er ekki í samningssambandi við ráðstöfunaraðila. Rætt er um aðgerðir sem ætlað er að tryggja að Úrvinnslusjóður verði í betri stöðu til að sinna tilskyldu eftirliti. Ræddar eru tvær leiðir, annars vegar að skoðað verði hvort hægt væri að nota útboðsferli vegna ráðstöfunar og hins vegar að skýra betur ábyrgð þjónustuaðila á frammistöðu ráðstöfunaraðila í skilmálum. Sameiginlega yfirlýsing Úrvinnslusjóðs og SORPU frá 6. júní sl. var rædd.

Einnig er rætt um hvernig betur verði innleiddir hvatar í kerfið og aukið gagnsæi og traust til þess. Úrvinnslusjóði er falið að skoða þær leiðir sem lagðar eru til og að útbúa aðgerðaráætlun um hvernig bregðast eigi við þeim atriðum sem fram komu í kjölfar fjölmiðlaumfjöllunar.

3. Erindi Landverndar og Neytendasamtakanna

Landvernd og Neytendasamtökin hafa óskað eftir áheyrnaraðild að stjórn. Í beiðni vísa þau til nefndarálits meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar frá því í júní 2021.

Það er álit stjórnar að samtal við hagsmunaaðila sé til þess fallið að styrkja starfsemi sjóðsins, það sé hins vegar utan valdsviðs stjórnar að ákveða skipun stjórnar. Lagt er til að sett verði á stofn hagsmunaráð þar sem öllum þeim sem skilgreina megi sem hagsmunaaðila verði boðið að eiga sæti. Stefnt er að því að hagsmunaráð muni koma saman í fyrsta skipti næsta haust og að fundað verði ársfjórðungslega eftir það. Stjórn felur framkvæmdastjóra að útfæra fyrirkomulag hagsmunaráðsins.

4. Til kynningar:
 - a. Sérstök söfnun, staða

Farið er yfir samantekt um sérstaka söfnun sem ætluð er til birtingar á vefsíðu Úrvinnslusjóðs. Einnig er sýnd niðurstaða úr sýnatökum á höfuðborgarsvæðinu. Samþykkt er að greiða sveitarfélögum á grundvelli þeirra kannana sem þegar hafa verið gerðar, ef svo komi í ljós að forsendur byggðar á úrtökum hafi verið rangar verði greiðslur leiðréttar.

b. Endurnýjun samninga við þjónustuaðila, staða

Búið er að endurnýja samninga við nær alla þjónustuaðila. Samtal er í gangi við þá sem ekki hafa undirritað nýja samninga, ekki er annað vitað en að þeir aðilar uppfylli öll skilyrði skilmála og ekkert sé því til fyrirstöðu að ganga frá samningum við þá.

5. Gildistími greiðslna vegna samsöfnunar á pappa og plasti

Lagt er til að ekki verði sett sólarlagsákvæði á undanþáguákvæði þar sem í kerfi eru fullnægjandi hagrænir hvatar fyrir aðila að leggja af samsöfnun sem fyrst.

Tillaga er samþykkt.

6. Önnur mál (+ mín)

Lagt er til að auk fundargerðar muni Úrvinnslusjóður einnig birta öll þau fundargögn sem ekki eru bundin trúnaði á vefsíðu.

Tillaga er samþykkt.

7. Fundargerð fundarins

Farið var yfir fundargerð fundar 347.

Fundargerð fundar 347 samþykkt.

Ekki fleira rætt og fundi slitið 11.55

Næsti fundur stjórnar verður þann 29. júní nk. kl. 13.00.